

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Gerðahrepps 1998-2018, byggðasafn og tjaldsvæði við Garðskagavita.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 7. júlí 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Gerðahrepps 1998-2018 frá 19. október 1999.

Breytingin felst í því að tjaldsvæði við Garðskagavita er stækkað til suðurs og svæði fyrir opinberar stofnanir stækkar til austurs vegna stækkunar byggðasafns.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Gerðahrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 7. júlí 2004.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*